



BLAKSAMBAND  
ÍSLANDS

Stjórnarfundur 11 miðvikudaginn 16. janúar 2019 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Kristín Hálfánardóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Steinn Einarsson, og Svandís Þorsteinsdóttir í síma, „  
*Afboð og mættu ekki;*, Stefán Jóhannesson, Andri Hnikarr Jónsson,

## Dagskrá

- Alþjóðlegt mótahald
- Fjármál
- Landsliðsmál
- Afreksstefna BLÍ 2019-2023
- Önnur mál

## Fundargerð

### Alþjóðlegt mótahald

Rætt var um kosti og galla þess að halda hér einn riðil í SCA keppninni í vor. Fjárhagsstaða sambandsins er slæm um þessar mundir. Kostnaður við landsliðin er mikill. Að vísu sparast ferðakostnaður og upphald við það að halda mót hér á landi en á móti kemur mjög mikill kostnaður við það að taka á móti erlendum liðum. Oftar en ekki eru það sömu starfsmennirnir sem vinna við svona mótahald svo það þarf að huga að því að ofgera þeim ekki.

Niðurstaðan var sú að halda ekki mót að svo stöddu, heldur gefa starfsmönnum BLÍ, stjórnarmönnum og öðru aðstoðarfólki frí og laga skuldastöðuna áður en hugað verður að næsta mótahaldi.

### Afreksstefna BLÍ

Það þarf að ganga frá nýrri afreksstefnu sem fyrst til þess að hægt verði að fá úthlutað úr Afrekssjóði ÍSÍ. Stefnuna þarf að samþykkja á ársþinginu.

### Önnur mál

Rætt var um ut anumhald styrktarsjóðs ungra blakara sem stofnaður var eftir síðasta öldungamót. Viðræður hafa farið fram við Sparisjóð S-Þingeyinga með það í huga að færa viðskipti sambandsins þangað. Viðræðunum verður haldið áfram.

Ákveðið var að sigurvegarar í hverri deild heiti nú Íslandsmeistarar í stað deildarmeistara.

Framboð til stjórnar voru rædd

*Fleira ekki tekið fyrir og var fundi slitið klukkan 18.20.*

*Fundargerð ritaði Jason Ívarsson*